

## **Viðmið um öryggi í skólum**

Til að skólar teljist öruggir í öruggu samfélagi þarf:

1. innra skipulag sem byggist á samvinnu og samhug vinnuhóps sem í sitja kennarar, nemendur, tæknimenn og foreldrar; þessi vinnuhópur ber ábyrgð á öryggismálum í skólum, formaður hans er úr röðum skólanefndar samfélagsins en varaformaður aðalkennari skólans;
2. skólanefnd samfélagsins og stjórn samfélagsins sjálf að semja áætlun um öryggi í skólum samfélagsins;
3. varanlega langtímaáætlun sem nær jafnt til beggja kynja og allra aldurshópa nemenda og allra svæða og aðstæðna;
4. áætlanir sem beinast að áhættuhópum og varasömum stöðum, og áætlanir til að efla öryggi þeirra sem eru viðkvæmastir fyrir;
5. vinnureglur um skráningu meiðsla, bæði tíðni þeirra og orsakir – jafnt óviljandi (slys) sem viljandi (ofbeldi eða sjálfsmeiðingar);
6. aðferðir til að meta stefnumörkun, áætlanir og framkvæmd áætlana og hvaða áhrif breytingarnar hafa;
7. áframhaldandi þátttöku í samvinnu um öryggismál í skólum – í heimabyggð, innanlands og á alþjóðavettvangi.